

## Tillaga fjármálanefndar um mönnunaráætlun fyrir akademísk störf við Háskóla Íslands. Fyrir fund háskólaráðs 1. nóvember 2018

Lagt er til að heildarfjöldi akademískra starfa (F) við einstakar deildir verði summa tveggja þátta:

- a) Grunnfjölda starfa (G) sem tekur mið af því sem deililíkan úthlutar deild
- b) Störf (S) umfram það sem deililíkan úthlutar og ákveðin eru af háskólaráði (svokölluð stefnubundin eða „strategísk“ störf) í tengslum við fjárhagsáætlanagerð ársins að fenginni tillögu nefndar sem rektor skipar [mönnunarnefnd].

Reiknaður grunnfjöldi starfa, G, verði metinn á grundvelli hlaupandi 5 ára meðaltals fjárveitinga deilda vegna kennslu og rannsókna, K+R, samkvæmt deililíkani. Kostnaður vegna grunnlauna og húsnæðis „meðal akademísks starfsmanns“ verði metinn árlega (nú 12 m.kr. á ári).

Reiknaður fjöldi miði við 60% af K+R, þ.e.  $G = 0,6 \cdot (K+R) / 12$ .

Verði deililíkani breytt þarf að endurreikna útkomu líkansins undanfarin 5 ár m.v. nýtt deililíkan.

Þau 40% sem eftir eru mæta öðrum kostnaði við rekstur fræðasviðs/deildar, s.s. vegna annars starfsfólks, aðstöðu, stjórnunar, yfirvinnu og stundakennslu.

Við forgangsröðun stefnubundinna ráðninga, S, verði byggt á þróun fjárframlaga til Háskóla Íslands, spám um þróun nemendafjölda, stefnu skólans og hlutverki í íslensku samfélagi.

Þegar fjöldi starfa, F, liggur fyrir er ákvörðun um hvort heimila eigi nýráðningu eða ekki tekin þannig:

- Ef  $F > (G + S)$  er ekki heimilt að ráða nýtt akademískt starfsfólk.
- Ef  $F < (G + S)$  er heimilt að ráða en aðeins ef heildarfjöldi starfa innan viðkomandi fræðasviðs er undir því sem ákveðið hefur verið og ljóst að starfið rúmast innan fjárhagsáætlunar viðkomandi deildar.

Með þessari reglu verður til fyrirsjáanlegur og gegnsær rammi fyrir umfang fastra akademískra starfa innan deilda skólans.

### Verklag við innleiðingu mönnunaráætlunar

Miðað er við að mönnunaráætlun komi ekki til framkvæmda fyrr en árið 2020 og árið 2019 verði nýtt til undirbúnings og innleiðingar. Innleiðingin verði ekki í stærri skrefum en náttúruleg starfsmannavelta háskólans leyfir. Þannig verði stefnubundin úthlutun í upphafi nýtt til að jafna mun milli núverandi fjölda starfsmanna og reiknaðs grunnfjölda starfa. Það taki um 5 ár.

### Mönnunarnefnd

Rektor skipi nefnd til að undirbúa tillögur til háskólaráðs um fjölda stefnubundinna starfa ár hvert.

- Nefndin fari sérstaklega yfir forsendur stefnubundinna úthlutana, þar á meðal greinargerðir fræðasviða.
- Forsendur um hlutfall grunnfjölda starfa, fjölda stefnubundinna starfa, meðalkostnað við hvert fast starf (nú 12 milljónir) og viðmiðunartekjur (60% af 5 ára meðaltali K+R) verði endurskoðað árlega á innleiðingartímabilinu.

Nefndin vinni sjálfstætt á grundvelli stefnu og langtímamarkmiða Háskóla Íslands og verði sjálfstæð gagnvart fræðasviðum. Nefndin verði þannig skipuð:

Aðstoðarrektur kennslumála og þróunar, formaður  
Aðstoðarrektur vísinda  
Fjórir fulltrúar úr háskólaráði, einn fyrir hvern hóp sem myndar ráðið  
Með nefndinni starfi framkvæmdastjóri miðlægrar stjórnsýslu.

## Skýring

Skýring þessi er byggð á minnisblaði stafshóps um gerð mönnunaráætlunar frá 12. október sl. Málið hefur verið í vinnslu frá því í nóvember 2017 og staðan ítrekað verið kynnt og rædd í háskólaráði, síðast á fundi ráðsins 12. apríl sl. Af hálfu fjármálanefndar var kallað eftir umsögnum fræðasviða um minnisblað sem stafshópurinn setti fram 25. apríl sl. Þar sem gerð var grein fyrir forsendum slíkrar áætlunar og drögum að líkani til að áætla mannaflapörf fyrir Háskóla Íslands næstu árin. Umsagnirnar sem bárust fylgja. Þess ber að geta að forsetar Félagsvísindasviðs og Heilbrigðisvísindasviðs sátu í stafshópnum og gáfu þeir því ekki umsögn en beindu þeim tilmælum til deilda sviðanna að bregðast við minnisblaðinu.

Í umsögnum sem bárust er sammæli um mikilvægi þess að sett verði mannaflaáætlun fyrir Háskóla Íslands til lengri tíma. Nokkrir varnaglar eru slegnir, s.s. að byggt sé á grunni reiknilíkans mennta- og menningarmálaráðuneytisins annars vegar og deililíkans Háskóla Íslands hins vegar, sem bæði þarfnist gagngerrar endurskoðunar; skýrt þurfi að vera við hvaða skipulagseiningar eigi að miða (fræðasvið, deild, námsbraut); skipulag náms þvert á deildir sé mismunandi og sama eigi við um eðli náms, þ.e. hvað varðar t.d. húsnæði og búnað, stundakennslu, verklega kennslu o.s.frv.; möguleg áhrif á rannsóknvirkni o.fl.

Fjallað hefur verið um málið í fjármálanefnd háskólaráðs sem nú leggur fram drög að tillögu um mönnunaráætlun fyrir akademísk störf við Háskóla Íslands.

## Inngangur

Í kjölfar fundar Háskólaráðs 2. nóvember 2017 skipaði rektor ráðgefandi stafshóp um gerð mönnunaráætlunar fyrir Háskóla Íslands. Í hópnum sátu Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs, sem var formaður, Inga Þórsdóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs, Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri miðlægrar stjórnsýslu, Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektur kennslumála og þróunar, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektur vísinda, Orri Hauksson, fulltrúi í háskólaráði, Ásthildur Margrét Otharsdóttir, fulltrúi í háskólaráði og Tryggvi Másson, fulltrúa stúdenta. Hópurinn skilaði af sér tillögum í maí.

Forsaga málsins er að háskólaráð skipaði stafshóp um innleiðingu fimm ára fjárhagsáætlana við Háskóla Íslands 2. mars 2017. Hópurinn skilaði greinargerð til Háskólaráðs 27. maí sl. Í tillögum hópsins kemur m.a. fram að hann meti að mikilvægt sé að Háskóli Íslands setji fastari umgjörð um ráðningu starfsfólks. Tillögur hópsins um mönnunaráætlun voru eftirfarandi:

*Langstærsti einstaki útgjaldaliður Háskóla Íslands eru laun til starfsmanna. Starfsmannavelta Háskólans er lítil. Nýtt verklag verði miðað við þörf skólans fyrir sérfræðinga á einstökum sviðum til langs tíma. Hópurinn leggur til að Háskólinn semji mönnunaráætlun fyrir skólann í heild, sem taki mið af þörfum fyrir kennara á þeim fagsviðum, sem kennd eru innan skólans annars vegar og stefnu skólans og faglegum áherslum hins vegar.*

*Mat hópsins er að mönnunaráætlun þurfi að taka mið af eftirfarandi þáttum:*

- *Þörf fyrir kennara (byggt á þreyttum einingum/nemendafjölda) og spá um þróun hennar. Slíkt mat verði notað til að ákvarða fjölda fastra starfa í deildum skólans. Til*

*grundvallar yrðu lögð söguleg gögn um fjölda nemenda og þreyttra eininga sem og gögn um afdrif og atvinnuhorfur brautskráðra nemenda.*

- *Stefnu skólans. Slík störf verði tengd sérstaklega áherslusviðum stefnu skólans á hverjum tíma. Ákvarðanir um slík störf verði háð samþykki háskólaráðs.*
- *Faglegum áherslum, t.d. um fagsvið sem Háskólinn telur rétt að manna þrátt fyrir smæð. Ákvörðun um slíka mönnun verði byggð á faglegum rökum og/eða sérstökum samningum um fjármögnun og verði háð samþykki háskólaráðs.*

*Hópurinn telur eðlilegt að störf sem tilheyra mönnunaráætlun séu almennt fjármögnuð að fullu, þ.e. að fjármögnun starfa sem tilheyra mönnunaráætlun verði að sérstökum lið í deililíkani Háskólans (sjá umfjöllun um deililíkan hér á eftir).*

Starfshópur rektors hélt fjóra fundi. Vinna hópsins var jafnframt kynnt háskólaráði og rædd á fundum rektors með forsetum fræðasviða sem og í fjármálanefnd háskólaráðs. Tillögur hópsins, sem hér fylgja, snúa að akademískum ráðningum (aðjunkt 1, lektor, dósent, prófessor), enda er sveigjanleiki skólans til að hagræða umfangi launakostnaðar akademískra starfsmanna mun takmarkaðra en þegar í hlut eiga aðrir hópar starfsmanna og þar með mikilvægara að tryggja jafnvægi í langtímakostnaði vegna þeirra. Hópurinn skilaði tillögum sínum í maí sl. og hafa þær verið kynntar háskólaráði, forsetum fræðasviða og á fundum stjórnna allra fræðasviða.

### **Forsendur mönnunaráætlunar**

Rekstur Háskóla Íslands er að jafnaði stöðugur. Um 80% kostnaðar deildanna er laun. Þau ráðast af kjarasamningum og fjölda starfsmanna sem aftur ræðst af ráðningum og starfsmannaveltu. Starfsmannavelta Háskólans er hins vegar lítil og starfsmannafjöldi hefur því tilhneigingu til að ráðast af nýráðningum. Ef tryggja á jafnvægi í rekstri skólans er nauðsynlegt að ákvarðanir um ráðningar séu vandlega ígrundaðar og tryggt sé eins vel og kostur er að tekjuforsendur ráðninga standist til lengri tíma. Þetta á sérstaklega við um akademíska starfsmenn eins og áður sagði. Tekjuforsendur deilda Háskólans ráðast að stærstum hluta af deililíkani Háskólans sem hefur endurspeglad fjármögnun hans í gegnum reiknilíkan mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Niðurstaða þessara líkana er breytileg frá ári til árs. Núverandi fyrirkomulag ráðninga, þar sem skammtíma fjárhagsstaða deilda ræður ákvörðunum um nýráðningar, tryggir ekki langtíma jafnvægi í rekstri deilda skólans eins og fram kom í tillögum starfshóps háskólaráðs frá síðasta ári.

Tillaga hópsins um mönnunaráætlun gerir ráð fyrir að horfið sé frá liðnum „fámennar greinar“ en í staðinn komi stuðningur til deilda eða fræðasviða í gegnum strategíska úthlutun akademískra starfa.

Tillaga starfshópsins er að náttúruleg starfsmannavelta sé nýtt til að innleiða mönnunaráætlunina. Það mundi taka um 5 ár, sem er að mati starfshópsins hæfilegur tími til innleiðingar á þessu nýja fyrirkomulagi. Verklagið væri þá með eftirfarandi hætti:

### **Mönnunarnefnd**

Starfshópurinn gerði tillögu um nefnd á vegum rektors sem skili árlega rökstuddri tillögu til háskólaráðs um ráðstöfun þeirra starfa sem til falla vegna starfsmannaveltu í tengslum við fjárhagsáætlanagerð ársins. Tillaga nefndarinnar feli í sér ráðstöfun starfa til ákveðinna deilda. Við forgangsroðun ráðninga sé byggt á þróun fjárframlaga til Háskólans, spám um þróun nemendafjölda, stefnu skólans og hlutverki í íslensku samfélagi.

- Nefndin fari sérstaklega yfir forsendur strategískra úthlutana.
- Forsendur um hlutfall grunnfjölda starfa, fjölda stefnubundinna starfa, meðalkostnaðar við hvert fast starf (12 m.kr.) og viðmiðunartekna (60% af 5 ára meðaltali K+R) sé endurskoðað árlega á innleiðingartímabilinu.

Mikilvægt er að nefndin vinni sjálfstætt á grundvelli stefnu Háskóla Íslands og langtímamarkmiða og sé sjálfstæð gagnvart fræðasviðum. Það er því tillaga þessa minnisblaðs að skipun hópsins sé eftirfarandi:

Mönnunarnefnd skipi:

Aðstoðarrektur kennslumála og þróunar, formaður

Aðstoðarrektur vísinda

Fjórir fulltrúar úr háskólaráði, einn fyrir hvern hóp sem myndar ráðið

Með nefndinni starfi framkvæmdastjóri miðlægrar stjórnslu.